



**Mosfellsbæ 11. nóvember 2022**

**Fundargerð samráðsvettvangs Mosfellsbæjar og Aftureldingar  
um framtíðarsýn Varmárvæðis  
Haldin á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar 11. nóvember 2022 kl. 11.00 – 12.00**

Mættir: Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Linda Udengaard framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs, Jóhanna Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs, Erla Edvarsdóttir formaður íþrótt- og tómstundaráðs, Rúnar Bragi Guðlaugsson bæjarfulltrúi, Lovísa Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Hrafn Ingvarsson varaformaður Aftureldingar, Birna Kristín Jónsdóttir formaður Aftureldingar.

1. Regína bæjarstjóri setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.
2. Fjárfestingaráætlun Mosfellsbæjar
  - a. Jóhanna Hansen framkvæmdastjóri umhverfissviðs fór yfir fjárfestingaráætlun Mosfellsbæjar fyrir íþróttamannvirki 2023-2026
  - b. Umræða:
    - i. Íþróttavellir – Ákveðið að tveir gervigrasvellir verði til staðar á svæðinu. Gervigrasvellir – skoðað verður á næstu 1-2 vikum kostnað og framkvæmdatíma á eftirfarandi sviðsmyndum:
      - a) Sviðsmynd 1 - Viðhaldsaðgerðir á grasvelli og fara samhliða í endurgerð aðalvallar. Nota núverandi gervigras þar til aðalvöllur verður tilbúinn. Að endurnýja aðalvöll með gervigrasi tekur um 18 mánuði, með tilboðsgerð og framkvæmdum.
      - b) Sviðsmynd 2 – Skipta út gervigrasinu í vor. Áætlað að verkið geti tekið 5-7 vikur við bestu aðstæður, möguleiki að hefja verkið í mars/apríl. Leigja þarf aðstöðu á öðrum völlum sem og að koma iðkendum á milli. Kostnaður fylgir vegna leigu og flutningi á iðkendum. Áætlað er að 60 klst. á viku fari undir æfingar á gervigrasvöllum.
    - ii. Þjónustumiðstöð – rætt um tímalínu og stækkun frá fyrirliggjandi teikningum. Verið er að stofna starfshóp um framtíðarsýn Varmárvæðisins og heildarendurskoðun. Afturelding leggur áherslu á að allri vinnu verði hraðað eins og kostur er.
3. Fundargerðir – farið yfir eldri fundargerðir og þær samþykktar.
4. Önnur mál
  - a. Rætt um salernisaðstöðu utandyra. Mikilvægt að koma henni í betra horf.
  - b. Næsti fundur boðaður 25. nóvember kl. 8.15 á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar